

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu
b/t Rúnar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 7. júní 2019
UST201905-112/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Fremstaver – Fjallasel – Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir fjallaselið Fremstaver í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram að í fjallaselinu Fremstaveri er gert er ráð fyrir nýju allt að 200 m² hesthúsi og að núverandi hesthús verði rifið. Einnig kemur fram að núverandi skáli verði stækkaður um allt að 60 m² eða byggður nýr skáli, þar sem gert er ráð fyrir gistingu fyrir allt að 50 gesti. Heildar byggingarmagn getur verið allt að 400 m².

Samgöngur

Í greinargerð er vitnað í landsskipulagsstefnu 2015 – 2026 þar sem segir að mikilvægt er tryggja aðgang ferðafólks á vélknúnum farartækjum að fjölbreyttum svæðum en jafnframt verði tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja.

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins segir að búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga og eftir atvikum snyrtungum og öðrum þjónustubyggingum. Þá verður komið til þeirra viðeigandi upplýsingum með merkingum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillöggunni hvaða leiðir verði farnar til að koma í veg fyrir að ferðamenn á vélknúnum ökutækjum ferðist um svæði sem eru skilgreind sem gönguleiðir og reiðleiðir og umferð ferðamanna á svæðinu sé stýrt til að koma í veg fyrir rask og draga úr ágangi á viðkvæma náttúru á svæðinu og í næsta nágrenni.

Bílastæði

Í greinargerð kemur fram að bílastæði eru við skálann og eru þau sýnd á uppdrætti til viðmiðunar og á mæliblöðum skal sýna bílastæði. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að

bílastæði séu afmörkuð og umferð ferðamanna á svæðinu sé stýrt til að koma í veg fyrir rask og draga úr ágangi á viðkvæma náttúru á svæðinu og í næsta nágrenni.

Miðhálendisþjóðgarður

Umhverfisstofnun bendir á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um átak í friðlýsingum og er hluti þess átaks stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu. Hefur ráðherra skipað þverpolítiska nefnd um verkefnið.

Hlutverk nefndinni er m.a. að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf. Við störf nefndarinnar verður haft samráð við helstu hagsmunaaðila og almannasamtök, s.s. náttúruverndarsamtök, útvistarsamtök og samtök hagsmunaaðila s.s. í ferðahjónustu, landbúnaði og orkumálum.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur